Siðmennt

Félag siðrænna
húmanista á Íslandi

Hallveigarstöðum
Túngötu 14
101 Reykjavík
sidmennt@sidmennt.is
sidmennt.is

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. maí 2017

Efni: Umsögn Siðmenntar um frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði. 146. löggjafarþing 2016 - 2017. Þingskjal nr. 568. - 435. mál.

Álit Siðmenntar:
Siðmennt, félag siðrænna húmanista á Íslandi, hvetur Alþingi til þess að samþykkja frumvarpið.

RÖKSTUÐNINGUR:
Siðmennt fangar frumvarpi félags- og jafnréttisráðherra og telur að með því verði hægt að binda endi á mismunun á vinnumarkaði.

Í greinagerð með frumvarpinu er í kafla *iii Trú- og lífsskoðanir* er fjallað um mismunun vegna trúar eða lífskoðunar.

Siðmennt hefur um langan tíma talað fyrir jafnri stöðu veraldlegra lífsskoðana sem síðan varð raunveruleiki með samþykkt breytinga á lögum nr. 108/1999 (lög um skráð trúfélög) frá Alþingi í janúar 2013.

Þar var í fyrsta skiptið tekið undir með málflutningi félagsins um að lífsskoðun siðrænna húmanista fái sama sess og trúarlegar lífsskoðanir.

Í greinagerð með þessu frumvarpi segir um lífsskoðanir:

„Meðal annars í ljósi þess er í frumvarpi þessu lagt til að orðið lífsskoðun verði skýrt sem skoðun er byggist á veraldlegum viðhorfum til lífsins, ákveðnum siðferðisgildum og siðferði ásamt skilgreindri siðfræði og þekkingarfræði."

Þarna gætir smá misskilnings og skýra þarf að lífsskoðun er ekki bara veraldleg

heldur getur hún einnig verið trúarleg. Því gerir Siðmennt eftirfarandi breytingartillögu við þennan kafla:

Tillaga til breytingar á kaflanum *iii Trú- og lífsskoðanir*:
„Meðal annars í ljósi þess er í frumvarpi þessu lagt til að orðið lífsskoðun verði skýrt sem skoðun **sem getur bæði verð trúarleg en einnig veraldleg. Ef hún er veraldleg byggir hún á** *veraldlegum viðhorfum til lífsins, ákveðnum siðferðisgildum og siðferði ásamt skilgreindri siðfræði og þekkingarfræði."*

Að öðru leiti er Siðmennt afar ánægt með að sjá greiningu á veraldlegri lífsskoðun. Ánægja er einnig með að trúleysi og efahyggja falli undir lögin.

Eftirlitshlutverkuð
Siðmennt gerir ekki athugasemd við að Jafnréttisstofu sé falið eftirlitshlutverk með lögunum og treystir því að henni verði tryggðir fjármunir og starfsfólk til að sinna því. Einnig að tryggt verði gott aðgengi að þjónustu Jafnréttisstofu.

Hins vegar vill Siðmennt benda á að ekki er enn búið að setja á laggirnar innlenda mannréttindastofnun sem sinnt gæti mannréttindum á víðari hátt. Sameinuðu þjóðirnar samþykktu svokallaðar Parísarviðmið Sameinuðu þjóðanna sem samþykktar voru árið 1991.

Parísarviðmið kveða á um grunnskilyrði þess að stofnanir teljist innlendar stofnanir. Þær kveða m.a. á um æskilegt valdsvið, umboð, uppbyggingu og starfsaðferðir stofnana. Eitt mikilvægasta skilyrðið sem Parísarviðmiðin setja er að innlend mannréttindastofnun skuli fjármögnuð af ríkinu og henni fengið sem víðast umboð í stjórnarskrá eða með lögum þar sem skýrt sé kveðið á um hæfi og vald stofnunarinnar til að vernda og stuðla að mannréttindum í landinu.

Ítrekað hafa verið gerðar athugasemdir á alþjóðavettvangi við að Ísland hafi enn ekki sett á laggirnar slíka stofnun og nú seinast við fyrirtöku á svokallaðri UPR skýrslu (Universal Period Report) um Ísland síðari hlut ársins 2016 á vettvangi Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. En Ungverjaland og Ástralía gerður þá athugasemdir við skort á slíkri stofnun. Allsherjarþing SÞ hefur áréttað mikilvægi mannréttindastofnunar mörg undanfarin ár.

Áður hefur Mannréttindanefnd SÞ gert athugasemd vegna skorts á því að Ísland hafi ekki sett slíka stofnun á fót auk þess sem Mannréttindafulltrúi SÞ hefur einnig skilað athugasemdum. Þá hefur Nefnd Evrópuráðsins gegn kynþáttafordómum (ECRI) lýst yfir áhyggjum sínum

Siðmennt

Siðmennt átti þess kost á síðasta ári að skila inn áliti að drögum að lögum um slíka stofnun sem liggur reiðubúin í Dómsmálaráðuneytinu. Hvetur félagið stjórnvöld til að leggja þau fram sem lagafrumvarp nú þegar.

Fulltrúi Siðmenntar er ávallt reiðubúinn að ræða innihald umsagnarinnar ef eftir því er óskað.

F. h. Siðmenntar

Bjarni Jónsson
Framkvæmdastjóri

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union
EHF - European Humanist Federation
MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands